

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

110. fundur.

Miðvikudaginn 5. október 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.**
3. **Fundargerðir:**
 - a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. sept. 2011.
 - b) Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 21. sept. 2011.
 - c) Stjórnar Fasteigna Húnavatnshrepps ehf, dags. 28. sept. 2011.
 - d) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 27. sept. 2011.
 - e) Aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 26. ágúst 2011.
 - f) 19. ársþing SSNV, dagana 26-27 ágúst 2011.
 - g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. sept. 2011.
4. **Bréf:**
 - a) Frá samgönguráði, dags. 26. 09. 2011.
 - b) Frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 21. 09. 2011.
 - c) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 19. 09. 2011.
 - d) Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 27. 09. 2011.
 - e) Frá RARIK, dags. 16. 09. 2011.
 - f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 12. 09. 2011.
 - g) Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 05. 09. 2011.
 - h) Frá Guðmundi S. Jóhannssyni, dags. 07. 09. 2011.
 - i) Frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.
 - j) Frá Umhverfissráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.
 - k) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.
 - l) Frá sóknarnefnd Þingeyraklausturkirkju, dags. 04. 09. 2011.
 - m) Frá Sigurði Erlendssyni, dags. 20. 09. 2011
5. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins: Fundargerð Menningarráðs Norðurl-vestra, dags. 27. sept. 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 3h). Erindi frá Vegagerðinni, dags. 29. sept. 2011, tekið fyrir undir dagskrárlið 4n). Erindi frá landeiganda Flögu í Vatnsdal, dags. 3. okt. 2011, tekið fyrir undir dagskrárlið 4o). Erindi frá sóknarnefnd Bólstaðarhlíðarkirkju, dags. 2. okt. 2011, tekið fyrir undir dagskrárlið 4p).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Farið var yfir stöðu framkvæmda: Lokið hefur verið við lagningu á slitlagi á bílaplani við Dalsmynni. Framkvæmdum er að mestu lokið við bílaplön og stíga við Húnavelli, þó hefur vegna tíðarfars, ekki tekist að leggja seinna slitlag og getur verið að því verði frestað til næsta vors.

Farið var yfir vanskilalista vegna ógr. fasteignajalda og ógr. reikninga vegna forðagæslu og mótuneytis.

Fulltrúar Húnavatnshrepps hafa verið boðaðir til fundar í Menntamálaráðuneytinu þann 14. okt. n.k. til viðræðna um eignarhlut ríkisins í Reykjavörðinni og fasteignum á Húnavöllum.

2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fjárhagsáætlun ársins 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

110. fundur.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011, helstu breytingar frá fyrri áætlun.

Liður 04 Fræðslu og uppeldismál:

Hækkar í heild um rúmar 7 millj. kr.

Helstu breytingar:

Áætlun vegna fræðslunefndar hækkar um 600 þús.

Launaliðir Húnavallaskóla hækka um tæpar 3 millj. kr.

Lögfræðiþjónusta er áætluð um 1 millj. kr.

Skólaakstur hækkar um 2,2 millj. kr. (Árið 2010 voru gr. 28,9 millj. kr. fyrir skólaakstur, áætlað var að þessi upphæð yrði 25,5 millj. kr árið 2011. Eftir útboð og samninga er ljóst að upphæðin verði um 27,7 millj. kr.)

Kostn.vegna uppsetn á server um 500 þús.

Styrkir og framlög hækka um 250 þús. (vegna styrkja til tónlistarnáms á framhaldsskólastigi, samkv. 7. gr. reglna um framlög frá Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda)

Nokkrir liðir lækka lítillega frá samþykktari áætlun.

Liður 05 Menningarmál:

Hækkar í heild um 757 þús. kr.

Safnamál hækka um 595 þús. (vanáætlað framlag til Byggðasafns á Reykjum)

Launaliðir og rafmagn í Dalsmynni hækka um 235 þús.

Aðrir liðir óbreyttir eða lækka lítillega.

Liður 06 Æskulýðs- og íþróttamál.

Hækkar í heild um tæpar 800 þús. kr.

Greiðsla til Landsvirkunar vegna launa og launat.gj. fyrir 4 unglunga í tíu vikur. Hækkar um 600 þús

Matvæli hækka um tæp 100 þús. og aðrir styrkir hækka um 100 þús.

Liður 08 Hreinlætismál:

Hækkar í heild um 4,7 millj. kr.

Helstu breytingar:

Tekjulækkun un 1, 7 millj. kr. (Blöndustöð annast sín sorphirðu- og sorpeyðingarmál.)

Áætlað að kostn. við sorphirðu hækki um 600 þús.

Tekjur af holræsagjaldi voru ofáætlaðar um tæpar 300 þús. kr.

Áætluð er innri leiga að upphæð 2,5 millj. kr. (tekjufært í lið 31)

Liður 10 Umferðar- og samgöngumál:

Hækkar í heild um 1,6 millj. kr.

Gert er ráð fyrir innri leigu 1,3 millj (tekjufært á lið 31)

Áætlað er að kostnaður vegna snjómoksturs hækki um 300 þús.

Liður 13 Atvinnumál:

Hækkar í heild um 2,1 millj. kr.

Lán vegna Skúlahorns hækkar um 400 þús. kr.(2 greiðslur á árinu, uppgreitt)

Áætluð er leiga vegna lands undir fjárréttir 350 þús. kr.

Fjallskiladeildir eru teknar inn í áætlun en ekki færðar á núlli. Samtals um 1,2 millj.

Kostn vegna Áfangaskála hækkar um tæpar 200 þús. kr.

Liður 21 Sameiginlegur kostnaður:

Hækkar í heild um 3 millj. kr.

Helstu breytingar: Launaliður hækkar um 1,7 millj. (Vanáætlun og einnig hækkun vegna nýs starfsmanns)

Tækjakaup hækka um 250 þús (ný tölva)

Innri leiga reiknuð 300 þús (tekjufærsla í 31)

Innheimtulaun hækka um 550 þús (Staðgr innh og Fasteignaskattsálag)

31 Eignasjóður:

Lækkar í heild um 2,5 millj. kr.

Helstu breytingar: Afskriftir eru hækkaðar um 2,4 millj. kr

Húsaleiga til eigin nota hækkar um 4,6 millj. kr. Aðrar tekjur hækka um 300 þús.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

110. fundur.

33 Áhaldahús:

Hækkar í heild um 800 þús kr.

Hækkunin fellst aðallega í hækkun afskrifta um rúmar 700 þús. kr.

Fjárfestingar:

Gert er ráð fyrir fjárfestingar hækki um rúmar 9 millj. kr. frá fyrri áætlun.

Samkvæmt endurskoðari fjárhagsáætlun ársins 2011 er áætlað að rekstur samstæðu verði neikvæður um 18,4 millj. kr.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 25. millj. kr. vegna framkvæmda ársins 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 með fjórum greiddum atkvæðum (ÞS,MS,IS,KRS).

Fulltrúar A-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar A-lista minna á bókun við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2011 þar sem lagt var til að fulltrúar beggja lista færu dýpra ofan í alla kostnaðarliði fjárhagsáætlunarinnar. Þeirri leið var hafnað af meirihlutunum á þeirri forsendu að endurskoðun færi fram í aprílmánuði. Sú endurskoðun hefur ekki farið fram fyrr en nú og ljóst er, svo sem fram kemur í endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins 2011, að rekstur sveitarfélagsins hefur farið verulega úr böndunum.

Það er augljóst að nauðsynlegt hefði verið að fara ýtarlega yfir alla kostnaðarliði og gæta aukins aðhalds í rekstri sveitarfélagsins.

Fulltrúar A-lista sitja því hjá við afgreiðslu á endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Fulltrúar E-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Eins og komið hefur fram á hreppsnefndarfundum fyrr á árinu lágu ekki fyrir nægjanlegar upplýsingar í apríl til þess að ástæða væri til að endurskoða fjárhagsáætlun ársins.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 lá fyrir mikil tekjuskerðing frá Jöfnunarsjóði og því var stefnt að verulegri hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins. Þær aðgerðir sem hafnar eru til hagræðingar skila sér ekki að fullu þetta árið.

3. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. sept. 2011.

Liður 1. samþykktur samhljóða. Liður 2. samþykktur samhljóða. Liður 3. samþykktur samhljóða.

Liður 4. samþykktur samhljóða. Liður 5. samþykktur samhljóða.

b) Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 21. sept. 2011.

Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar Fasteigna Húnavatnshrepps ehf, dags. 28. sept. 2011.

Samþykkt var að oddviti Þóra Sverrisdóttir fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Fasteigna Húnavatnshrepps ehf, árið 2011.

d) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 27. sept. 2011.

Lögð fram til kynningar. Framlagi Húnavatnshrepps til almannaþingarnefndar vísað til fjárhagsáætlunar næsta árs.

e) Aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra, dags. 26. ágúst 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

110. fundur.

f) 19. ársþing SSNV, dagana 26-27 ágúst 2011.

Lögð fram til kynningar.

g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. sept. 2011.

Lögð fram til kynningar.

h) Menningarráðs Norðurl-vestra, dags. 27. sept. 2011.

Hreppsnefnd staðfesti nýjan samstarfssamning sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um menningarmál og fól oddvita að undirrita hann fyrir hönd Húnavatnshrepps.

4. Bréf:

a) Frá samgönguráði, dags. 26. 09. 2011.

Efni: Auglýsing um umhverfismat tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2011-2022.

Til kynningar.

b) Frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 21. 09. 2011.

Efni: Fjármál sveitarfélaga.

Til kynningar.

c) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dags. 19. 09. 2011.

Efni: Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2011.

Ársfundurinn verður haldinn 12. október n.k. í Reykjavík. Sveitarstjóri mun sitja fundinn f.h. Húnavatnshrepps.

d) Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 27. 09. 2011.

Efni: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2011.

Fjármálaráðstefnan verður haldinn í Reykjavík 13. og 14. október n.k. Aðalfulltrúum hreppsnefndar er gefin kostur á að sækja ráðstefnuna.

e) Frá RARIK, dags. 16. 09. 2011.

Efni: Varðar áætlaða lagningu hitaveitu frá virkjunarsvæðinu á Reykjum til Skagastrandar. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um verkið. Stærsti kostnaðarliðurinn er pípuefnið sem verður boðið út á næstunni. Niðurstöður úr efnisútboðinu eru ein af forsendum þess að hægt sé að taka ákvörðun um það hvort af verkefninu geti orðið.

Til kynningar.

f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 12. 09. 2011.

Efni: Spurt er um samning við SBA og Hall bílstjóra og undirritun samnings við hann. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

g) Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, dags. 05. 09. 2011.

Efni: Ungmennaráð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

h) Frá Guðmundi S. Jóhannssyni, dags. 07. 09. 2011.

Efni: Fyrirspurn um getu og vilja sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til að styrkja viðkomandi til þess að rita ábúendaskrár allra hreppa í sýslunni, með greiðslu á föstum mánaðarlaunum fyrir vinnu við verkefnið.

Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

i) Frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.

Efni: Fyrirhuguð hækkun leigugjalds á jörðinni Þverárdalur, landnúmer 145397, sem upphaflega var milli Bólstaðarhlíðarhrepps og landbúnaðarráðuneytisins. Samningurinn var gerður þann 15. apríl 1981. Árlegt leigugjald nemur 1% af fasteignamati jarðar og ræktunar, nú 10.560 kr. Áætlun

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 110. fundur.

ráðuneytisins er að hækka leigugjald samningsins í 54.034 kr. í samræmi við reglur um fjárhæð jarðarafgjalda fyrir ábúð, leigu og lóðarleigu á ríkisjörðum frá 2011.
Til kynningar.

j) Frá Umhverfissráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.

Efni: VII. Umhverfisþing 14. október á Hótel Selfossi.
Til kynningar.

k) Frá Velferðarráðuneyti, dags. 09. 09. 2011.

Efni: Þeirri ábendingu er komið á framfæri við sveitarfélög að þau geri aðgerðaáætlanir um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.
Til kynningar.

l) Frá sóknarnefnd Þingeyraklausturkirkju, dags. 04. 09. 2011.

Efni: Umsókn um styrk að upphæð 79.300 til reksturs á Klausturstofu árið 2011.
Hreppsnefnd samþykkti erindið.

m) Frá Sigurði Erlendssyni, dags. 20. 09. 2011

Efni: Umsókn um stofnun lóða.
Óskað er eftir leyfi til þess að stofna land 1 og 2 í landi jarðarinnar Stóru-Giljár, landnúmer 144788. Landið sem um ræðir verður tekið úr landbúnaðarnotkun. Öll hlunnindi munu áfram tilheyrja jörðinni Stóru-Giljá. Lögbylartútturinn mun áfram fylgja landnúmerinu 144788.

Þóra Sverrisdóttir yfirlag fundinn undir þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytis.

n) Frá Vegagerðinni, dags. 29. 09. 2011

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breytinga á heimreið að Öxl. Erindinu fylgir uppdráttur af svæðinu.
Hreppsnefnd samþykkti erindið.

o) Frá landeiganda Flögu í Vatnsdal.

Efni: Umsókn um byggingarreit. Með erindinu fylgir hnissettur uppdráttur af byggingarreitnum.
Hreppsnefnd samþykkti erindið.

p) Frá sóknarnefnd Bólstaðarhlíðarkirkju.

Efni: Endurbætur á kirkjugarði sem felast m.a. í stækkun á garðinum, endurnýjun á girðingu, hellulögn og ökufærum stíg frá bílaplani að kirkjugarði. Áætlaður heildarkostnaður um 3,3 millj. kr. Þar af er lögbundinn kostnaður sveitarfélagsins áætlaður um 1 til 1,2 millj. kr.

Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunar næsta árs.

5. Önnur mál.

Samkvæmt athugasemdum frá Brunavörnum A-Hún þarf að gera vöktunarsamning vegna brunavarnakerfis í Dalsmynni. Samþykkt var að ganga til samninga við Securitas hf um vöktun á kerfinu.

Sveitarstjóra var falið að ræða við leigutaka um áframhaldandi samning um hótélrekstur á Húnavöllum.

Jón Gíslason spurði hver væru framtíðaráform varðandi rekstur á Hveravöllum.
Fram kom að engin styrkur hefur fengist frá ríkinu til starfsemi á Hveravöllum yfir vetrarmánuðina. Því verður ekki unnt að halda uppi starfsemi í vetur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

110. fundur.

KPMG hefur verið falið að leggja mat á tilboð sem borist hafa í reksturinn á Hveravöllum. Vonir eru bundnar við framlag til uppbyggingar á Hveravöllum úr Framkvæmdasjóði ferðapjónustunar.

Jón Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun:

Að gefnu tilefni og í ljósi aðstæðna á Hveravöllum skorar undirritaður á fulltrúa Húnavatnshrepps í stjórn Hveravallafélagsins, að vinna ötullega nú á haustdögum að útfærslu á framtíðar uppbyggingu og fyrirkomulagi rekstrar á Hveravöllum, og meta ýtarlega þá valkosti og möguleika sem Hveravallafélagið hefur við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu og taka ákvarðanir um það sem fyrst.

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var á Hvammstanga þriðjudaginn 4. október 2011 var eftirfarandi bókun samþykkt.

Stjórn SSNV lýsir yfir andstöðu við áframhaldandi stórfelldan niðurskurð á fjárframlögum til heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra sem kynnt er í frumvarpi til fjárlaga árið 2012. Boðaður niðurskurður mun vafalítið valda fækkun starfa á svæðinu, þá sérstaklega kvennastarfa, sem gengur þvert gegn hugmyndum ríkisstjórnar Íslands um kynjaða hagstjórn. Niðurskurðurinn rýrir einnig búsetuskilyrði stórlega og veltir auknum kostnaði yfir á íbúa sem sækja þurfa heilbrigðisþjónustu um langan veg.

Loks átelur stjórnin samráðsleysi og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru þegar boðuð er grundvallarstefnubreyting á veitingu heilbrigðisþjónustu í landinu. Þetta er gert án þess að fyrir liggi opinber stefna um veitingu þjónustunnar sem og án þess að fyrir liggi greining á samfélagslegum áhrifum niðurskurðarins sem og áhrifa á önnur kerfi s.s félagsþjónustu sveitarfélagana. Þessi vinnubrögð ganga þvert gegn lofordum um aukið samráð ríkisins við heimamenn sem unnið að undir merkjum Ísland 20/20.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir bókun stjórnar SSNV og mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi. Svo sem kunnugt er hefur stofnunin orðið að sæta mikilli skerðingu fjárveitinga á undanförunum árum, sem hefur haft í för með sér gríðarlega aukið álag á starfsfólk og neikvæð áhrif á byggðaðpróun héraðsins.

Það er skoðun hreppsnefndar Húnavatnshrepps að ekki verði gengið nær Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi en þegar er orðirð þar sem um nauðsynlega grunnheilbrigðisþjónustu er að ræða sem samfélagið getur ekki verið án.

Fundi slitið kl. 18.00

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Kristín R. Sigurðardóttir

Jón Gíslason

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen